

Skýrsla stjórnar Rótarýklúbbs Reykjavíkur Miðborgar starfsárið 2015-2016.

Stjórn

Rannveig Gunnarsdóttir forseti
Thomas Möller viðtakandi forseti
Pétur Blöndal ritari
Árni Gunnarsson gjaldkeri
Sigríður Snæbjörnsdóttir stallari
Jón Bergmundsson fráfarandi forseti

Starfsárið hefur verið viðburðarríkt. Ég hef virkilega notið þess að starfa fyrir klúbbinn og vil þakka það traust sem mér var sýnt þegar ég var valin forseti. Rótarý er gefandi félagsskapur. Í Rótarý eflum við tengslanetið, hér fáum við endurmenntun í fræðandi erindum og heimsóknum, hér á maður vini og getur treyst vinaböndin á klúbbfundum, í verkefnum og ferðum.

Áherslur stjórnar starfsárið 2015-2016

Félagsþróun: Markmið þessa árs var að viðhalda stærð klúbbsins, hafa jafnvægi í kynjaskiptingu og fá inn yngra fólk.

Styrkja klúbbinn: Stuðla að því að félagar kynnist betur og halda betur utan um nýja féлага.

Ungmennastarf og samfélagsverkefni: Halda áfram að sinna ungmennastarfi og samfélagsverkefnum innanlands og utan. Eiga samstarf við aðra klúbba á svæðinu.

Fundir

Haldnir voru 11 stjórnarfundir á árinu.

Fjörutíu og fjórir Rótarýfundir, að þessum meðtöldum, voru á árinu. Bryddað var uppá ýmsum nýjungum í starfinu, og þær helstu voru:

Umræðufundir - með yfirskriftinni "kynnumst betur". Nokkrir slíkir fundir voru haldnir þar sem félagar spjölluðu saman á hverju borði fyrir sig til að kynnast betur í stað þess að hlusta á erindi. Þeir sem mættu voru ánægðir með fyrirkomulagið.

Söngur: Sungið var í upphafi nokkurra funda sem félagi okkar Stefán Stefánsson stjórnaði við góðar undirtektir.

Nýjar nefndir: Tvær nýjar nefndir voru settar á laggirnar, Rótarýdagsnefnd til að skipuleggja Rótarýdaginn og ritnefnd sem hefur það hlutverk að sinna heimasíðu og fésbókarsíðu ásamt því að útvega fyrirlesara. Finnur Sveinbjörnsson hefur staðið sig frábærlega við að sinna fésbókarsíðu og heimasíðu klúbbsins og fékk ritnefnd sér til aðstoðar.

Mánaðardagskrá funda tilbúin í upphafi mánaðar. Nefndir voru hvattar til að skipuleggja dagskrá funda með góðum fyrirvara svo hægt væri að kynna tímanlega. Þetta heppnaðist afar vel.

Fréttir forseta: Forseti sendi reglulega tölvupóst með helstu fréttum og yfirliti yfir erindi næsta mánaðar.

Ritarastörf: Pétur ritarinn okkar tók upp þá nýjung að flytja mætingartölur í bundnu máli við fögnuð fundargesta.

Spjallfundur 30.11.

Af viti margt hér verður rætt
Víst mér spjallið líkar betur
Yfir 20 eru mætt
Aðeins til hlýða á Pétur

Heimsókn umdæmstjóra: Þegar umdæmisstjórinn Magnús B. Jónsson heimsótti klúbbinn ásamt eiginkonu sinni Steinunni Ingólfsdóttur, 28. september mælti Pétur.

*"Magnúsi hrósa vil ég
Sem vísu góða mundi
Næstum 30 nú ég tel
Á naflaskoðunarfundi"*

Áherslur alheimsforsetans fyrir starfsárið voru "Verum veröld gefandi". Umdæmisstjóri lagði áherslu á að klúbbarnir væru virkir í samfélagsverkum, þá vildi hann að okkar klúbbur myndi aðstoða Rotaractklúbbinn sem hefur m.a. verið í vandræðum með húsnæði.

Heimsóknir annarra klúbba; Við fengum góðar heimsóknir frá eKlúbbnum og Rotaract.

Klúbbþing; var haldið 25. október sl. Þar var rætt um innri málefni klúbbsins m.a. um innheimtu árgjalda, aðskilinn styrktarsjóð og margt fleira.

Heimsóknir í fyrirtæki: Klúbburinn fór í þrjár heimsóknir á árinu. Frumkvöðlasetrið á Eiðistorgi var heimsótt sem Gunnhildur félagi okkar skipulagði. Þangað mætti einnig hópur Rótarýfélaga frá Tromsø sem hafði mikinn áhuga á að hitta Vigdís okkar. Við heimsóttum Olís í boði Jóns Ólafs Halldórssonar og síðan 365 Miðlar í boði Sævars Freys Práinssonar. Þá fengum við inni hjá Háskólanum í Reykjavík þegar Nauthóll var bókaður. Ari Kristinn rektor félagi okkar flutti einnig erindið og kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

Jólafundurinn; var 14. desember undir dyggri stjórn skemmtinefndar. Klúbbfélagar sáu um skemmtiatriðin, frú Vigdís flutti einlæga hugvekju, Stefán, Heimir og Gunnar eiginmaður Sólveigar Baldursdóttur, sáu um tónlistina. Davíð Stefán Guðmundsson var formlega tekinn í klúbbinn.

Félagapróun

Klúbbfélagar eru nú 81 talsins, 42 konur og 39 karlar. Þær Hanna Katrín Friðriksson, Hanna Kristín Guðmundsdóttir og Hrönn Greipsdóttir ákváðu að hætta í klúbbnum þar sem þær höfðu ekki tök á að mæta. Einn félagi, Davíð Stefán Guðmundsson gekk í klúbbin og annar, Jón Sigurðsson mun ganga í klúbbinn eftir sumarfrí. Þessar breytingar hafa bætt kynjajafnvægi og lækkað meðalaldur.

Paul Harris félagar. Klúbburinn ákvað að heiðra nokkra klúbbfélaga fyrir frábær störf í þágu Rótarý. Finnur Sveinbjörnsson hefur sinnt ýmsum ábyrgðarstörfum fyrir klúbbinn s.s. verið forseti og séð um heimasíðu og fésbókarsíðu klúbbsins. Hann hefur einnig verið virkur fyrir umdæmið. Á jólafundinum var hann sæmdur Paul Harris merkinu. Félagar í ferðanefndinni eru æviskipaðir. Margrét Guðmundsdóttir hefur sinnt ýmsum störfum fyrir klúbbinn m.a. verið forseti. Hún hefur setið í ferðanefnd klúbbsins frá upphafi. Þórunn Sveinbjörnsdóttir hefur verið mjög virk í ferðanefndinni. Þær voru sæmdar Paul Harris merkinu í gönguferðinni í ár.

Rótarýdagurinn

Rótarýdagurinn var haldinn 27. febrúar með yfirskriftina fjölmening. Okkar klúbbur hafði frumkvæðið að því að ákveðið var að halda málþing í Háskólanum í Reykavík og fékk til liðs klúbba í nágrenninu, Reykjavík Austurbæ, eKlúbbinn ásamt Rotary Reykjavík International. Þá tók Rotaractklúbburinn einnig þátt. Málþingið þótti takast afburðavel og var haft á orði að þetta væri besta málþing sem fundarmenn hefðu sótt. Það voru auðvitað tveir félagar í okkar klúbbi, frú Vigdís og Ari, sem voru með frábær erindi. Þar sem mæting okkar félaga var ekki sem best á deginum var ákveðið að endurtaka þrjú þessara erinda á fundum í maí. Klúbbfélagar sem sáu um skipulagið voru Thomas, Hrefna, Kristín Rafnar og Svanhildur auk mín. Kann ég félögumum kærar þakkir fyrir.

Ungmennastarf

Klúbburinn hefur verið öflugur í ungmennastarfinu.

-Sophie Cheng frá Taiwan var skiptinemi okkar í ár. Sophie heimsótti klúbbinn nokkrum sinnum og mætti á jólafundinn. Sophie afhenti fána í klúbbum 23. maí en þá kom hún í heimsókn ásamt móður sinni og frænku. Ungmennanefndin sinnti henni vel og þökkum við nefndinni kærlega fyrir. Sophie hélt heim 30. maí sl.

-Tvær stúlkur, Sóley Vera Jónsdóttir og Kristín Edda Kristjánsdóttir, óskuðu eftir því að okkar klúbbur yrði bakhjarl þeirra í umsókn um Georgíustyrkinn.

-Tvö ungmenni, Elísabet Sunna Gunnarsdóttir og Þórir Kolka hafa sótt um fjölskylduskipti.

- Conflict resolution háskólastyrkurinn – Friðarstyrkur. Haukur Logi Jóhannsson er umsækjandi á vegum okkar umdæmis um Friðarstyrk Rotary Alþjóðahreyfingarinnar og verður okkar klúbbur bakhjarl hans.

Rotaract. Að ósk umdæmisstjóra var gengið í það verkefni að styðja og aðstoða Rotaractklúbbinn og var Háskólinn í Reykjavík svo vinsamlegur að útvega þeim fastan fundarstað í skólanum. Þá höfum við aðstoðað Rotaract við að útvega fyrirlesara ofl.

Gönguferðin. Í ár var haldið í Skagafjörð. Ferðin tókst vel að vanda undir einstakri stjórn ferðanefndarinnar.

Styrkir

-Styrkir til samfélagsverkefna í ár voru 300 þús.kr. til Unicef söfnunarinnar til styrktar flóttabörnum í Sýrlandi.

-Styrkur til Rauðakrossinn um 300 þús.kr. sem nota á til að gleðja hælisleitendur sem margir hverjir eru ansi niðurbrotnir, bíðandi örlaga sinna.

-Styrkur í Rotary sjóðinn eyrnamerkt PolioPlus verkefninu rúmlega 200 þús. kr. (USD 20 /félaga)

Að lokum vil ég þakka stjórninni fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf á árinu, nefndarmönnum fyrir útvegum fræðandi og skemmtilegra fyrirlesara og öllum félögum fyrir að gera þennan klúbb eins góðan og hann er.

Næstu stjórn óska ég heilla og veit að þau muni standa sig vel og skemmta sér vel.

Yfirlit yfir fundi á árinu.

- 10.8.15** Fyrirlesari Davíð Þór Símonarson frumkvöðull. Efni Bókin sem breytti lífi mínu
- 17.8.15** Fyrirlesari Sindri Sindrason. Efni: Carbon Recycling International í Svartsengi, Sophi skiptinemi okkar frá Taiwan heimsótti klúbbinn.
- 24.8.15** Fyrirlesari Davíð Stefánsson. Efni Silicor Materials.
Kynnt að klúbburinn sponsoreri Sóleyju Veru Jónsdóttur umsækjanda um Georgiustyrkinn.
- 31.8.15** Klúbbfundur- Ræðum saman.
- 7.9.15** Heimsókn á Frumkvöðlasetrið Fyrirlesari: María Þorgeirsdóttir ásamt kynningu þriggja frumkvöðla fyrirtækja
- 14.9.15** Fyrirlesari Einar Benediktsson. Efni: Viðskiptaþvinganir og alþjóðasamstarf
- 21.9.15** Fyrirlesari Þorsteinn Pálsson. Efni: Evrópusambandið
- 28.9.15** Heimsókn Magnúsar Jónssonar umdæmisstjóra
- 5.10.15** Klúbbþing
Kynning frá Team Spark 2015-2016 sem er kappaksturslið frá Háskóla Íslands skipað verkfræðinimum og tekur þátt í stærstu alþjóðlegu verkfræðikeppni.
- 12.10.15** Fyrirlesari Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir klasastjóri Ákklasans
Vilborg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri hjá Veritas. Efni: erindi um Nýju kynslóðirnar inn á vinnumarkaði.
- 26.10.15** Fyrirlesari Óli Björn Kárason. Efni: Opinber hlutafélög, kostir þess og gallar.
- 9.11.15** Fyrirlesari Gísli Örn Garðarsson, leikari / leikstjóri. Leikhópurinn Vesturport.
Fyrirlesari Ari Páll Kristinsson. Dagur íslenskrar tungu: "*Fólk er bara alveg hætt að vanda sig.*"
Íslensk málvöndun og breyttir tímar.
- 16.11.15** Fyrirlesari Nazanin Askari pólitískur flóttamaður. Efni: Fjallaði um lífshlaup sitt, konur og Islam.
- 23.11.15** Spjöllum saman. Félagar úr E-klúbbnum koma í heimsókn til okkar og ræða málin.
- 30.11.15** Fyrirlesari Páll Valsson og Egill Ólafsson munu kynna bókina; *Egils sögur - á meðan ég man.*
- 7.11.15** Jólafundur. Vigdís Finnbogadóttir flutti hugvekju, boðið var upp á tónlistaratriði.
- 14.11.15**

- 4.1.16 Fyrirlesari Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri landsnefndar UNICEF á Íslandi. Efni Öll stríð eru háð gegn börnum.
- 11.1.16 Fyrirlesari Anna Lára Steindal, heimspekingur og Ibrahim Faraj fyrrum flóttamaður og hælisleitandi. Erindi: Með lífið, sjálft lífið að veði!
- 18.1.16 Fyrirlesari Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra - Áskoranir í heilbrigðismálum næstu 5-10 árin
- 25.1.16 Heimsókn í Olís til félaga okkar Jóns Ólafs Halldórssonar
- 1.2.16 Fyrirlesari Smári Kristinsson, framkvæmdastjóri Rafarnarins. “Heilbrigðiskerfi á krossgötum”
- 8.2.16 Fyrirlesari Dr. Friðrik Már Baldursson. Efni Uppgjör gömlu bankanna.
- 15.2.16 Fyrirlesari Már Wolfgang Mixa. Efni Ávöxtun lífeyris: Hið góða, slæma og sumt þar á milli!
- 22.2.16 Fyrirlesari Egill Ólafsson. Erindi: Hugað að raddböndum og þýðingu þeirra.
- 27.2.16 Rótarýdagurinn 2016
- 29.2.16 Klúbbfundur Tölum saman. Davíð Stefán Guðmundsson hélt starfsgreinaerindi.
- 7.3.16 Fyrirlesari Jón G Hauksson. ritstjóri Frjálsrar versluna. Efni Hið nýja landslag í viðskiptalífínu.
- 14.3.16 Heimsókn í 365 miðla til Sævars Freys
- 21.3.16 Fyrirlesari Helga Guðrún Óskarsdóttir hugbúnaðarverkfræðingur. Efni Þín eigin framleiðni.
- 4.4.16 Mottumars kynning frá Krabbameinsfélaginu
- 11.4.16 Fyrirlesari: Ólafur Örn Haraldsson Þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Efni Þjóðgarðurinn
- 18.4.16 Fyrirlesari Kjartan Ragnarsson. Talaði um Landnámssetrið.
- 18.4.16 Fyrirlesari Birgir Jakobsson landlæknir. Efni: Íslenska heilbrigðiskerfið.
- 25.4.16 Fyrirlesari Páll Baldvin Baldvinsson. Efni “Stríðsárin 1938-1945”.
- 2.5.16 Fyrirlesari Vigdís Finnbogadóttir. Efni Fjölmening Fjölmening á styrjaldarárunum 1939-45
- 9.5.16 Fyrirlesari Sigríður Heimisdóttir hönnuður. Efni IKEA.
- 23.5.16 Fyrirlesari Kristín S.Hjalmtýsdóttir. Efni Rauðikrossinn og flóttamenn. Sophie skiptinemi kvödd.
- 30.5.16 Fyrirlesari Ari Kristinn Jónsson rektor HR.
- 6.6.16 Fyrirlesari Ingibjörg Þórisdóttir. Efni rannsóknir á kvíða ungra stúlkna.
- 13.6.16 Fyrirlesari Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Talnakönnunar. Efni Framtíð Íslands.
- 20.6.16 Fyrirlesari Emil B. Karlsson. Efni áhugaverðar upplýsingar um atferli og neysluhegðun landans.
- 27.6.16 Stjórnarskipti, afhending styrkja